



Kennsla og nám við félagsráðgjafardeild HÍ

Hervör Alma Árnadóttir,
félagsráðgjafi og deildarforseti

Félagsráðgjafardeild HÍ býður upp á krefjandi og fjölbreytt lærdómssamfélag þar sem kennarar stunda rannsóknir, kenna og taka þátt í ýmsum samstarfsverkefnum, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi.

Deildin er ein af fjölmennari deildum Háskóla Íslands, með um 700 nemendum sem stunda grunnnám í félagsráðgjöf og MA-nám, meðal annars til starfsréttinda í félagsráðgjöf, en einnig er boðið upp á fjölbreytt viðbótarnám á framhaldsstigi við deildina og doktorsnám.

En hvað gerir starf kennara við deildina áhugavert að mati Hervarar Ölmur?

„Ég hef starfað í tæp tuttugu ár við Félagsráðgjafardeildina, kom fyrst inn sem kennari til að kenna um hópastarf með börnum úti í náttúrunni og réttindi barna. Þetta var hvort tveggja nokkuð sem átti hug minn og hjarta á þeim tíma og reyndar enn. Það er ótrúlega gaman að miðla þekkingu

til nemenda um málefni sem maður brennur fyrir, fá spurningar og samræðu. Við kennarar fáum tíma til að útbúa námsefni, finna viðeigandi áhugavert lesefni og finna á skapandi hátt hvernig best sé að miðla því til nemenda til að vekja upp spurningar og forvitni. Það ferli er alltaf mjög lærdómsríkt og gefandi, að finna eitthvað nýtt, læra, lesa og skapa.

Hervör Alma segir það ótrúlega ánægjulegt að vera í námssamfélagi þar sem fólk sé tilbúið til að læra og þroskast. „Við erum sífellt að breyta, bæta og aðlaga námið að nýjum áherslum. Til dæmis höfum við verið að auka við námsframboð varðandi samfélagslegar áskoranir, m.a. um áfallamiðað starf ýmiss konar, farsæld barna, öldrun og svo félagslega nýsköpun.

Svo er það samstarfið við fjölbreyttan nemendahóp sem er oft krefjandi en oftast jákvætt. Starf við kennslu á háskólastigi gerir enga tvo

daga eins, heldur er það endalaus uppspretta nýrra verkefna og lausnaleyta.

Hervör Alma segir mikilvægt að blanda saman fræðafólki og reynslumiklum félagsráðgjöfum í kennarahópnum.

„Í námi eins og félagsráðgjöf, sem er hagnýtt nám og leiðir í tilfellum margra til starfsréttinda í félagsráðgjöf, skiptir þetta miklu máli. Við erum svo gæfusöm að margir öflugir félagsráðgjafar sem eru starfandi á vettvangi eru tilbúnir að vinna með okkur og koma inn í kennslu með lifandi dæmi um störf félagsráðgjafa. Þessi samsuða fræða og svo reynsla félagsráðgjafa sem eru starfandi við fagið er mjög verðmæt í grunnnáminu og ekki síður þegar komið er í meistaranám, í þann hluta þar sem við erum að kenna hagnýtt vinnubrögð félagsráðgjafa í klínískri kennslu eða með hermiaefingum. Það er mikilvægt að hafa starfsfólk með djúpa þekkingu í fræðunum en

reynslan er líka mjög verðmæt til þess að blása lífi í fræðin.”

Skapandi starfsumhverfi með sveigjanlegum vinnutíma og möguleikum á rannsóknum gerir starfið eftirsóknarvert að mati Hervarar Ölmú.

„Við sem störfum við Háskólann höfum sveigjanlegan vinnutíma, þ.e. getum mætt aðeins seinna og unnið lengur fram eftir degi, tekið frí á miðvikudegi og unnið þess í stað á sunnudegi, ef það hentar okkur og starfsaðstæðum. Auðvitað þurfum við að mæta til kennslu og á fundi en annan tíma okkar skipuleggjum við sjálf. Við erum yfirleitt ekki að kenna allt kennslutímabilið, það koma tímar þar sem við erum bundin af kennslu en svo eru góð hlé á milli þar sem tími vinnst fyrir rannsóknir okkar, en þá getum við oft, í samráði við okkar yfirmann, verið staðsett utan vinnustaðar, unnið í fjarvinnu og þess háttar. Svo eru rannsóknarmisseri sem við getum sótt um á þriggja til fjögurra ára fresti, en á þeim tíma einbeitum við okkur fyrst og fremst að rannsóknum okkar og skrifum.”

Hún segir að á þessum misserum gefist tími til að íhuga næstu skref í rannsóknum og stundum til að tengjast betur samstarfsfólki erlendis. Oft sé hægt að nota tækifærið og dveljast í útlöndum yfir þennan tíma.

„Það sem er svo aðlaðandi við rannsóknarstarf er að það gefast tækifæri til að vinna að málefnum sem maður hefur áhuga á og hitta fólk sem hefur áhuga á hinu sama. Það er frábært að mega gefa sér tíma til að velta sér upp úr, tala um og þæla í málefnum sem manni finnst skipta öllu máli og oft hafa rannsóknir okkar mikil áhrif á stefnur og strauma í samfélaginu,” segir Hervör Alma. En það er fleira sem freistar við kennsluna, eins og samstarf við erlenda háskóla. „Það koma gestakennarar til okkar frá samstarfsháskólum, yfirleitt

nokkrir á ári. Flestir kennarar deildarinnar taka þátt í rannsóknarhópum, t.d. norrænum eða evrópskum og stundum alþjóðlegum, þar sem verið er að vinna að sameiginlegum rannsóknarverkefnum, skrifa t.d. saman bók eða bókarkafla um ákveðin málefni sem svo má nota í kennslu. Eins erum við í hópum þar sem verið er að ræða áherslur í námi og kennslu, t.d. hvernig við kennum um sjálfbærni og reynum að læra hvert af öðru.

„Þegar á allt er litið er kennsla við félagsráðgjafardeild HÍ afar skemmtilegt og gefandi starf,” segir Hervör Alma að lokum.

Hervör Alma lauk BA-prófi í félagsfræði árið 1997, starfsréttindanámi í félagsráðgjöf 1999 og MSW-prófi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands árið 2006. Hún lauk einnig diplómanámi sem er byggt á hugmyndum uppbyggingarstefnu International Association of Applied Control Theory árið 2003. Þá hefur hún einnig lokið fjölda námskeiða tengdra náttúrameðferð viðsvegar um Evrópu. Hervör Alma fékk sérfræðiviðurkenningu í samfélagsvinnu og hópmeðferð árið 2020. Áður en hún hóf störf við Háskóla Íslands árið 2009 starfaði hún hjá Reykjavíkurborg, meðal annars sem verkefnastjóri forvarnamála hjá borginni og forstöðumaður íbúðarúrræða fyrir geðfatlað fólk. Hún var einnig forstöðumaður ungmennasmiðjunnar Stígs og í teymi leiðbeinenda Hálendishópsins sem var úrræði byggt á náttúrameðferð fyrir unglinga í félagslegum vanda. Rannsóknir Hervarar Ölmú beinast aðallega að þátttöku barna, fagmennsku og náttúrameðferð. Hún hefur meðal annars rannsakað notkun samfélagslistar til að auka þátttöku barna í umræðum um erfið mál og hvernig náttúrameðferð getur stuðlað að persónulegum og faglegum þroska.

”

Skapandi starfsumhverfi með sveigjanlegum vinnutíma og möguleikum á rannsóknum gerir starfið eftirsóknarvert